

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

*Deiliskipulag Skógahverfis, 2. áfanga – Akralundur 2, 4 og 6.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar þann 10. mars 2015 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Skógahverfis 2. áfanga, Akralundur 2, 4 og 6.

Breytingin á deiliskipulaginu felst m.a. í því að íbúðum er fjölgað úr 6 í 8 á fjölbýlishúsalóðunum við Akralund nr. 2, 4 og 6, bílastæðum er fjölgað og verða þau 16 í stað 12.

Framangreint deiliskipulag var samþykkt samkvæmt 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Akranesi, 12. mars 2015.*

**Hildur Bjarnadóttir**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2015